

1501157



## **242. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 28. september 2015, kl. 14:00.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

### **1. Aðalfundur SOS-undirbúningur**

- a) Drög að árskýrslu 2015, formaður fór yfir drög að ársskýrslu. Formanni og varaformanni er falið að leggja lokahönd á skýrsluna.
- b) Fjárhagsáætlun 2016, Bjarni Guðmundsson og Sólveig Ragnarsdóttir frá SASS, komu inn á fundinn. Áætlunin samþykkt með þeirri breytingu að ákveðið var að leggja til að greitt verði út framlag vegna fræðslu og kynningar á flokkun úrgangs að fjárhæð 10 mkr á árinu 2016.
- c) Ákvörðun gjaldskrár 2016. Samþykkt að leggja til óbreytta gjaldskrá umsýslugjalds, 0,76 kr/kg.
- d) Breytingar á samþykktum. Ritara er falið að gera drög að breytingum á samþykktum vegna ákvæðis um skoðunarmenn.
- e) Annað. Samþykkt að fá Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, til að vera með fræðsluerindi í tengslum við aðalfund SOS.

### **2. Upplýsingar um úrgang og innheimtu umsýslugjalds**

Bjarni Guðmundsson og Sólveig Ragnarsdóttir frá SASS, komu inn á fundinn. Farið var yfir skil á magntölum og þar með á innheimtu umsýslugjalds. Misbrestur er á skilum frá einum sorphirðuaðila.

### **3. Kirkjuferjuháleiga**

Á fundinn mætti Bárður Guðmundsson, EFLU. Farið var yfir stöðu framkvæmda við að ganga frá urðunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu eftir fyrirmælum UST. Vel hefur gengið að vinna þau verk sem ákveðið var að fara í. Næsta vor þarf að sá í svæðið og í haust þarf að sinna hreinsun á afvötnunarkerfi. Fyrirmælum UST um frágang og vöktun hefur verið þinglýst á svæðið.

#### **4. Nessandur**

Farið var yfir stöðu mála. Fundað var með fulltrúum Sveitarfélagsins Ölfuss 18. september s.l. Niðurstaða þess fundar var að SOS og Sorpa myndu senda sameiginlega beiðni til Sveitarfélagsins Ölfuss um að farið verði í nánari könnun á Nesstað fyrir meðhöndlun sorps.

#### **5. Orkugerðin**

Farið var yfir stöðu mála, greiðslustöðvun er enn í gangi hjá Orkugerðinni.

#### **6. Upplýsingar um notkun á styrk frá SOS til aðildarsveitarfélaganna**

Ákveðið að samhliða útborgun framlags til fræðslu- og kynningarmála verði óskað eftir upplýsingum um hvað sveitarfélögin hyggjast nýta féð í.

#### **7. Önnur mál.**

Rætt var um tilboð í endurskoðun, nýverið var aflað tilboða í endurskoðun ársreikninga fyrir SASS. Samþykkt var að sömu endurskoðendum verði með SOS og SASS.

Næsti fundur verður haldinn í Vík miðvikudaginn 28. október n.k. kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 16:00.